

# Staðardagskrá 21

## Efnisyfirlit

<i>Formáli</i>	2
<i>Almennar upplýsingar um sveitarfélagið</i>	3
<i>Holræsi og fráveitukerfi</i>	4
<i>Úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum</i>	6
<i>Náttúrumengun</i>	10
<i>Gæði neysluvatns</i>	13
<i>Meningaminjar og náttúruvernd</i>	15
<i>Umhverfisfræðsla</i>	18
<i>Opinber innkaup</i>	21
<i>Ræktun og útivist</i>	23
<i>Umferð og flutningar</i>	25

## Formáli

Í lok apríl 1999 var skipaður starfshópur um gerð Staðardagskrár 21 í Eyrarsveit. Starfshópurinn skipaðu; Ragnar Elbergsson, Eiður Björnsson, Hugrún Elísdóttir, Móses Geirmundsson og Gunnar Njálsson. Verkefnisstjóri var skipaður Eyþór Björnsson, skrifstofustjóri Eyrarsveitar. Með starfshópnum vann einnig skipulags- og byggingafulltrúi, Ólafur M. Birgisson.

Við framkvæmd stöðumats er fylgt eftir þeirri aðferð sem lýst er í Hvítu bókinni, *Umhverfisáætlanir sveitafélaga*. Hreppsnefnd valdi þá málaflokka sem mælt er með í Hvítu bókinni að teknir verði fyrir, þeir eru:

- Almennar upplýsingar um sveitarfélagið
- Holræsi og fráveitur
- Úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum
- Náttúrumengun
- Gæði neysluvatns
- Menningarminjar og náttúruvernd
- Umhverfisfræðsla í skólum
- Opinber innkaup
- Ræktun og útivist

Í úttektinni eru málaflokkarnir skoðaðir hver af öðrum. Gefið er stutt yfirlit um gildandi lög og reglugerðir sem varða málaflokkinn. Áætlanir sem sveitarfélagið hefur þegar samþykkt eða undirbúið eru tilgreindar. Lýst er helstu þáttum sem koma við sögu, núverandi fyrirkomulagi og reynt að skilgreina helstu vandamál.

Þeirri aðferð var beitt að verkefnisstjóri hafði yfirumsjón við gerð stöðumatsins. Ennfremur komu þeir aðilar innan bæjarkerfisins sem hafa yfirumsjón og/eða eftirlit með einstökum málaflokkum að gerð þess. Starfshópurinn kom saman, las yfir, breytti og bætti við.

Eftir að stöðumatsskýrslan var unnin lá starfið niðri um sinn. Bæjarstjórn Grundarfjarðar skipaði nýja nefnd til að vinna við framtíðarmarkmið og leiðir. Þau eru; Gunnar Njálsson verkefnisstjóri, Ingibjörg Björnsdóttir, Unnur Birna Þórhallsdóttir, Anna Másdóttir, Gunnar Jóhann Elísson og Gísli Ólafsson. Stýrihópurinn bætti við málaflokknum; umferð og flutningar.

## Almennar upplýsingar um sveitarfélagið

Grundarfjarðarbær er á norðanverðu Sæfellfellsnesi. Land sveitarfélagsins afmarkast af Hraunfirði í austri, Snæfellsnesfjallgarðinum í suðri og Búlandshöfða í vestri. Grundarfjörður er kaaptún sem stendur við samnefndan fjörð. Í árslok 2001 var tekið upp nýtt stjórnsýsluheiti fyrir sveitarfélagið, Grundarfjarðarbær í stað nafn sveitarinnar, Eyrarsveit.

Þann 1. desember 2001 bjuggu 959 íbúar í Grundarfjarðarbæ og var aldursdreifingin þannig:

0 – 18 ára	349	eða 37%
19 – 66 ára	547	eða 56%
67 ára og eldri	63	eða 7 %

Samkvæmt upplýsingum frá Byggðastofnun voru í Eyrarsveit 472 ársverk árið 1994. Þau skiptast niður á eftirfarandi hátt:

Landbúnaður:	15 ársverk eða 3,2%
Sjávarútvegur:	274 ársverk eða 58%
Iðnaður:	36 ársverk eða 7,7%
Verslun og þjónusta:	147 ársverk eða 31,1%

Hjá Svæðisvinnumiðlun Vesturlands fengust þær upplýsingar að skráðir atvinnuleysis dagar á árinu 1998 voru 558.

Í ársreikningi ársins 2000 koma fram eftirtaldar hagtölur:

Tekjur	200,2 m.kr
Rekstrargjöld	159,0 m.kr
Greiðslubirgði lána	13,8 m.kr
Til ráðstöfunar í framkvæmdir	25,9 m.kr
Gjaldfærð fjárfesting	38,8 m.kr
Eignfærð fjárfesting	43,1 m.kr
Hlutfall rekstrargjalda af tekjum	79 %
Langtímaskuldir í árslok 2000	100,9 m.kr

Í bæjarfélaginu er sjö manna bæjarstjórn og bæjarstjóri er framkvæmdastjóri hennar.

Helstu nefndir sveitarfélagsins eru: Umhverfisnefnd, fræðslu- og menningamálanefnd, íþróttu- og tómstundanefnd, húsnaðisnefnd og hafnarstjórn Grundarfjarðarhafnar.

# 1. Holræsi og fráveitukerfi.

## 1.1 Formáli:

Meginhluti fráveitukerfis Grundarfjarðar er einfalt kerfi.

Úthlaup frá fráveitu bæjarins eru í dag 5 talsins, þar af fer úrgangur frá fiskvinnslu á 2 stöðum. Auk þess eru 3 útrásir frá einstökum húsum. Aðalútrás bæjarins er í Torfabót við Sæból. Fáein hús við Grundargötu hafa rotþrær.

### 1.1.1 Gildandi lög og reglugerðir:

Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, sveitarstjórnarlög nr. 45/1998, heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990, mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990 og 48/1994. Byggingareglugerð nr. 441/1998, reglugerð um fráveitu í Eyrarsveit og gjaldskrá um fráveitu í Grundarfirði nr. 21/2004.

### 1.1.2 Núverandi ástand:

Ástand fráveitukerfis verður þegar á heildina er litið að teljast sæmilegt. Þess ber þó að geta að kerfisbundin ástandskönnun hefur ekki farið fram. Safnkerfið er frekar nýlegt, eldri kerfi voru endurnýjuð á árunum 1977 til 1983. Verst getur ástand verið í og frá eldri húsum.

Engin útrás nær út fyrir stórstraumsfjörur. Útrásin í Torfabót er næst því að ná út í stórstraumsfjörur. Tvær útrásir á Framnesi fara beint út í fjöru.

Úthlutar hafa verið lóðum undir iðnaðarhúsnæði í landi Grafar vestan Kvernár. Fyrirkomulag frárennslis í hverfinu er með þeim hætti að safnað er skolpi í rotþró og regnvatn er leitt burtu, en ekki búið að tengja út í sjó. Í framtíðinni yrði skólpl hleypt í útrás við hlið suðurgarðs hafnarinnar.

Minna er nú um það en áður að slóg sé sett út í niðurföllin og rækjuskel fer ekki lengur niður. Aðstæður við strandlengjuna hafa ekki verið kannaðar með tilliti til strauma. Ákvörðun um úttekt á framtíðarfyrirkomulagi frárennslismála hefur ekki verið tekin. Líklegt er að ekki þurfi að fara í verulegar framkvæmdir til að ná skolpi útfyrir stórstraumsfjörur, en hugsanlegt er að koma þurfi upp dælubúnaði á leiðslur til þess að hægt sé að sameina þær.

### 1.1.3 Lýsing á gildandi fyrirkomulagi

Embætti byggingafulltrúa hefur alla umsjón með rekstri, viðhaldi og framkvæmdum vegna holræsamála. Sveitarsjóður innheimtir holræsagjald árlega, ásamt með öðrum fasteignargjöldum og er því ætlað er að standa undir rekstri og viðhaldi kerfisins. Gatnagerðargjöldum er ætlað að mæta m.a. kostnaði við lagningu holræsa í nýjum götum.

### 1.1.4 Helstu vandamál núverandi fyrirkomulags

Fyrir liggur að koma þarf skolpi út fyrir stórstraumsfjöru, sameina útrásir og loka þeim útrásum er fara beint niður í fjöru.

## 1.2 Markmið

Mengun á standsvæðum við bæinn og í öllu sveitarfélaginu verði ávallt innan marka sem skilgreind er í mengunarvarnareglugerð. Þekking bæjarbúa á

fráveitumálum sé góð. Fræðsla beinist sérstaklega að því að bæjarbúar virði þær reglur sem gilda um fráveitumál, t.d. að hella ekki spilliefnum í fráveitukerfið. Rotþrær eru konar við flest sveitabýli og alla sumarbústaði. Fylgjast skal vel með ástandi þeirra og stent að því að rotþró verði tengd kláklögn allra sveitabýla. Stefnt skal að því að fráveitukerfi bæjarins verði komin í gott horf á næstu árum. Ný reglugerð Evrópusambandsins kveður á um það að fyrir 1. jan. 2005 verði öll sveitarfélög búin að byggja dælustöð með hreinsibúnaði þar sem aðalútrás frváveitunnar fer út í sjó. Framkvæmdin er mjög kostnaðarsöm. Straummælingar verða gerðar í byjun árs 2003. Vegna góðrar staðsetningar byggðarinnar m.t.t. strauma, þá mun bæjarstjórn íhuga þann möguleika að sækja um undanþágu frá þessari reglugerð.

### **1.3 Starfs- og tímaáætlanir.**

#### **Úrbætur í fráveitukerfi.**

Unnið verði markviss heildaráætlun um fráveitumál sem miðar að því að uppfylla kröfur. Lengja þarf útrásina við Torfabót út fyrir stórstraumsfjöru, sameina útrásir og loka þeim útrásum er fara beint niður í fjöru.

#### **Rotþrær**

Rotþrær verði komnar við alla sveitabæi.

Verklok: 1. okt. 2005.

#### **Fræðsla**

Unnið verði sérstakt fræðslu- og kynningarefni um fráveitumál og skolpmál bæjarins, fyrir íbúa bæjarfélagsins alla og einnig öll fyrirtæki. Fræðsluefnið skal þannig uppbyggt að hægt sé að nota það til kennslu í grunnskólanum, en henti jafnframt íbúum og fyrirtækjum.

## 2. Úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum

### 2.1 Formáli

Verulegar breytingar hafa orðið á fyrirkomulagi sorpmála í Grundarfirði hin síðari ár. Grundarfjarðarbær er aðili að Sorpurðun Vesturlands hf. sem hefur að opnað sorpurðunarstað að Fíflholtum á Mýrum. Öllu pressanlegu sorpi er ekið í Fíflholt til urðunar, brotajárn er safnað saman og flutt til Furu í Reykjavík til endurvinnslu. Ljóst er að stefna þarf að því að draga úr sorpmagni, auka flokkun og taka upp endurvinnslu hugsanlega með jarðgerð. Auðvelda þarf almenningi að taka þátt í þessari þróun, m.a. með reglulegri útgáfu fræðslu- og kynningarefnis.

#### 2.1.1 Gildandi lög, reglugerðir og samningar

Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Mengunarvarnarreglugerð nr. 48/1994 með síðari breytingum. Heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990. Byggingarreglugerð nr. 441/1998, samþykkt um sorphirðu í Grundarfirð nr. 462/2002 og gjaldskrá um sorphirðu í Grundarfirði nr. 25/2004.

Samningar um einstaka þætti sorpmála eru í gildi við eftirtalda aðila: Samningur er í gildi við Almennu umhverfisþjónustuna, verktaka um sorphirðu. Inná iðnaðarsvæði við Kverná hefur sveitarfélagið sett upp bráðabirgðamóttöku á sorpi sem Almennu umhverfisþjónustuna sér um að flytja til urðunarstaðar. Ennfremur eru á hafnarsvæðinu tveir gámar. Allir samningar við Almennu umhverfisþjónustuna hafa verið gerðir til skamms tíma. Á árinu 2001 var gerður viðbótarsamningur um sorphirðu í sveitum og um flutning á sorpi í Fíflholt og brotajárni til Reykjavíkur.

#### 2.1.2 Lýsing á núverandi ástandi

Allt sorp frá Grundarfirði urðað að Fíflholtum á Mýrum. Ennfremur fer þangað sorp úr sorpgámum fyrir almenning og frá Grundarfjarðarhöfn. Brotamálmar er fluttur til Reykjavíkur. Timbur og dekkjum er safnað saman á gámasvæði og flutt til Fíflholts til urðunar. Spilliefnamóttaka er markvisst safnað á gámastöð m.a. er freon losað úr ísskápum.

Losun sorps frá heimilum í Grundarfirði og sveitarbæjum í Eyrarsveit er með þeim hætti að húsasorpi er safnað á tíu daga fresti. Heimili safna saman sorpi í tunnur er sveitarfélagið hefur látið því í té. Magnið er um 28 m<sup>3</sup> í hverri viku. Bæjarfélagið starfrækir gámastöð.

Hafið er vísir að jarðgerð með kaupum á 35 jarðgerðartönkum sem úthlutaðir hafa verið fjölskyldna. Ennfremur tekur leikskólinn þátt í þessu verkefni.

Fyrirtæki greiða ekki fyrir sorphirðu og sorpeyðingu til sveitarfélagsins. Þeim stendur til boða að skila sorpi á gámastöð og greiða fyrir samkvæmt gjaldskrá eða að gera samning við verktaka. Verktaki greiðir urðunarkostnað til Sorpurðunar Vesturlands. Einstaklingum stendur til boða að losa sig við sorp (málma, timbur o.fl.) í gáma sveitarfélagsins.

Söfnun olíuúrgangs fer fram á vegum olúfélaganna, bensínstöðin býður upp á móttöku á rafhlöðum, og skilar þeim til áhaldahúss. Sorpmóttökustaður sér

ennfremur um móttöku rafgeyma, málningaafanga, spreibrúsar, filmuvökvi, olíusúr og þeim eytt samkvæmt samningi við Endurvinnsluna. Vöruflutningar Ragnars og Ásgeirs ehf. taka á móti flöskum og dósnum til flutnings til Endurvinnslunnar hf. á kostnað móttakanda. Hesteigendafélagið er með söfunargám fyrir gosflöskur og dósir við hesthúsabyggðina. Ungmennafélag Grundarfjarðar hefur komið upp tveimur gámum til dósasöfnunar við aðra matvöruverslunina og bensínstöðina.

Engin skipulögð söfnun fer fram á bylgjupappír, dagblaðapappír eða drykkjarfernum í sveitarfélaginu.

### 2.1.3 Magntölur

Sorpmagn sem skilar sér frá íbúum og fyrirtækjum í Grundarfirði. Allar tölur eru í tonnum:

	Pressanl.sorp	Bylgjupappi	Timbur	Málmur
Þéttbýli heimilissorp	207 <sup>1</sup>	6,6		4,3
fyrirtæki	103	39	46	4,7
dreifbýli heimilissorp	21 <sup>2</sup>	0,7		0,4
Móttekin spilliefni alls				
<i>Samtals</i>	<i>331</i>	<i>46,3</i>	<i>46</i>	<i>9,4</i>

Ofangreindar tölur eru unnar uppúr skýrslu Línuhönnunar vegna áætlunar um skipan sorpmála á Vesturlandi. Í skýrslunni er ekki dregið sérstaklega fram magn spilliefna. Megnið af spilliefnum sem safnast eru rafgeymar úr bifreiðum, rafhlöður og olíuvörur.

### 2.1.4 Lýsing á gildandi fyrirkomulagi

Sorpmálin heyra undir byggingafulltrúa. Á síðari árum hefur kostnaður vegna sorpurðunar hækkað verulega. Á árinu 2001 var sett ný gjaldskrá um sorphirðu. Frá fyrri samþykkt var fallið frá að leggja gjöld á fyrirtæki og sett gjaldskrá fyrir sorpmóttökustöð. Fyrirtækjum stendur til boða að skila sorpi til sorpmóttökustöðvar eða að öðrum kosti að semja beint við verktaka. Markmið með setningu gjaldskrárinnar að álagning þjónustugjalda kæmist sem næst því að mæta þeim kostnaði sem hlýst af málaflokknum.

Kostnaður við sorphirðu og urðun hefur hækkað nokkuð hin síðari ár. 2.540 þús kr. á árinu 1995, 2.630 þús kr. á árinu 1997, í 3.350 þús kr. á árinu 1998. Hækkun kostnaðar við sorphauga má rekja til frágangs á gömlu gryfjustæði og gerð nýs gryfjusvæðis. Í byrjun árs 2001 var hætt að urða sorp á haugunum. Á árinu 2001 var lagt í verulegan kostnað við frágang til að forðast sjónmengun frá þjóðvegi. Ennfremur var lækur farinn að grafa sig undir urðunarsvæðið og því var farvegi lítillaga breytt.

Álagt sorphirðu- og sorpurðunargjald var 987 þús. kr. á árinu 1995, 1.883 þús. á árinu 1997, 1.939 þús. kr. á árinu 1998 og 4.100 þús kr. á árinu 2000.

<sup>1</sup> Pressanlegt sorp á hvern íbúa er því 261 kg/ári

<sup>2</sup> Pressanlegt sorp á hvern íbúa er því 259 kg/ári



### **2.1.5 Vandamál núverandi fyrirkomulags**

Eftir er að byggja upp varanlega aðstöðu fyrir gámasvæði. Koma þarf upp aðstöðu til að tæta timbur og dekk til þess að spara flutningskostnað og pláss á urðunarstað. Engin skipulögð söfnun á pappír, bylgjupappa, gleri til endurvinnslu.

### **2.2 Markmið**

Leitað skal leiða til að minnka sorp og auka endurvinnslu og endurnýtingu. Leitað skal leiða til að virkja almenning til aukinnar endurnýtingar og endurvinnslu á heimilum og draga þannig úr því sorpi sem farga þarf. Betur verði unnið með sorpmálin á upprunastað. Í jafn vaxandi og framsæknu sveitarfélagi og Grundarfjarðarbæ, er nauðsynlegt að koma lagi á sorpmálin í sátt við íbúa þess og rekstraraðila.

Heimilissorpið verði mælt. Með flokkun er hægt að minnka hlut heimilissorps um allt að 60% og jafnvel meira. Gjaldheimtan verði löguð að þeim aðstæðum.

Almenningsfræðsla um sorpmál verði aukin. Mótuð verði stefna og fólki gert kleift að flokka frá lífrænan úrgang og geta eignast jarðgerðartunnu. (heimajarðgerð)

Fyrirtæki verði hvött til að jarðgera lífrænana úrgang eða koma honum fyrir sér til aðila sem vinna að moltugerð. Framtíðarmarkmið er að unnið verði að motlugerð innan bæjarfélagsins, annað hvort á vegum bæjarfélagsins í tengslum við gámastöð, eða á vegum sérstaks fyrirtækis. Komið verði upp geymslusvæði fyrir nýtanlega hluti sem almenningur geti notað áfram.

Leggja þarf áherslu á að garðeigendur hafi aðgang að trjáklara. Allt úrgangstimbur verði flokkað og tætt niður í timburtætara. Fyrirkomulag sorphirðu og förgunar hjá bæjarbúum og fyrirtækjum miðist við endurnýtingu úrgangs og tilsvarende flokkun hans.

Fyrirtæki verði hvött til að móta með sér umhverfisstefnu, þ.e. geri innkaup á vörum til rekstrarins sem eru umhverfisvæn, reinsiefni, málning, umbúðir o.s.frv.

### **2.3 Starfs- og tímaáætlanir**

#### **Fullvinnsla á tímri.**

Allt úrgangstimbur verði flokkað og tætt niður í timburtætara til að minnka umfang þess. Takmarkið sé að ekkert timbur verði flutt í burtu.

#### **Sorphirða**

Koma skal upp nýju kerfi sem felur í sér magnmælingu. Góða flokkunarmöguleika fyrir fyrirtæki og almenning. Gjaldskrá sorphirðu tekur mið af þeirri framkvæmdaáætlun.

Verklok: 1. janúar 2005.

#### **Gámastöð**

Flokkunarstöð verði komið fyrir á framtíðarstað.

Verklok: 1. janúar 2005.

#### **Heimajarðgerð**

Gerð fræðsluefnis um jarðgerð, og útbúið námskeið fyrir almenning og stofnaður jarðgerðarklúbbur.

Verklok: 1. sept. 2003.

Að minnsta kosti 30% heimila jarðgeri lífrænan hluta heimilissorps.

Verklok: 1. des. 2005

Að minnsta kosti 90% heimila jarðgeri lífrænan hluta heimilissorps.  
Verklok. 1. janúar 2010.

### 3. Náttúrumengun

#### 3.1 Formáli

Kröfur um bættu umgengni hafa aukist jafnt og þétt á undanförunum árum. Á hverju vori er gert átak í hreinsun og þá hvatt til sameiginlegs átaks íbúanna og sveitarfélagsins. Í annan tíma er unnið við hreinsun eftir atvikum. Almennt er ástand vel viðunandi en þó má enn sjá bílhrae og aðra stærri hluti við íbúðarhús og fyrirtæki.

#### 3.1.1. Gildandi lög og reglugerðir

Lög um heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnir nr. 7/1998, lög um náttúruvernd nr. 93/1996, mengunarvarnarreglugerð nr. 48/1994, byggingarreglugerð nr. 441/1998 og heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990.

#### 3.1.2. Núverandi ástand

Ástand strandsvæða er nokkuð gott. Vinnuskóli sveitarfélagsins, börn á aldrinum 14 til 16 ára, gerðu könnun á strandsvæði kaupsins fyrir staðardagskrárnefndina. Við skoðun á hafnarsvæði kom í ljós að lítil olíumengun er við höfnina. Í úttektinni kom fram að á svæðinu fyrir neðan fiskverkun Soffaníasar Cecilssonar hf. væri mikið rusl í bökkum. Við norður hafnargarð væri rusl í grjótinu og við blasir ræsi sem úr kemur rækjuúrgangur. Fyrir neðan Hótel Framnes og við Fiskimjölsværsmiðjuna er ræsi sem var nánast við bakkann. Þessi útrás var löguð í sumar. Ennfremur er mikið af járnarusli fyrir neðan olútankana. Einstaka járnarusl fannst í fjörunni við netaverkstæði Guðmundar Runólfssonar hf. Við Torfabót/Sæból er aðalútrás bæjarins. Nokkuð rusl var í fjörunni frá Torfabót að Hellnafelli.

Í fjörunni í Hraunfirði, nálægt brúnni, eru eldiskvíar sem hafa legið þar í nokkur ár.

Mengunarvarnir vegna olúslysa í höfnum. Mengunargámur er staðsettur í Ólafsvík sem sveitarfélögin á Snæfellsnesi eiga sameiginlega. Ef óhapp verður sjá starfsmenn viðkomandi hafnar um að sækja gáminn og setja upp búnaðinn.

Hesthúsabyggðin. Fyrir nokkrum árum var nokkuð um að sótt væri um leyfi til að koma upp taðpróm. Framkvæmdir hafa orðið minni. Taði er safnað fyrir utan húsin. Hætta er á að úrgangur geti runnið út í læk..

Nýsett hefur verið gjaldskrá um sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) þar sem sett er það markmið að innheimt sorphirðugjald standi undir kostnaði við sorphirðuna.

Ástand í sveitinni er mjög mismunandi. Flestir bæir í Eyrarsveit eru til stökustu fyrirmyndar. Býlið Berserkseyri hefur hlotið viðurkenningu undanfarin tvö ár fyrir snyrtimennsku. Það er héraðsfréttablaðið Skessuhornið og fleiri aðilar sem standa að verðlaunaveitingunni. Nokkrir bæir skera sig úr og þar er ástandið ekki til fyrirmyndar.

Ennfremur má geta þess að Skessuhornið veitti á árinu 1998 Eyrarsveit verðlaun sem snyrtilegasta sveitarfélagið á Vesturlandi.

Hreinsunarátak fer fram árlega. Umhverfisnefnd fer á vorin í skoðunarferð og skráir niður það sem er betur má fara. Á grundvelli þeirra upplýsinga er eigendum húsa og lóða er ekki þykja vera til fyrirmyndar ritað bréf. Umhverfisrölt er orðið árviss viðburður en þá er almenningi gefinn kostur á að taka þátt í gönguferð með bæjarstjóra, byggingafulltrúa og verkstjóra Grundarfjarðarbæjar, með gagnrýnu hugarfari. Um Grundarfjörð má segja að flest hús og lóðir séu til fyrirmyndar. Fjöldi fyrirtækja hefur tekið sig á varðandi umhverfi sitt. Helst er ábótavant hjá nokkrum aðilum í iðnaðarhverfinu á Framnesi.

### **3.1.3 Lýsing á núverandi fyrirkomulagi**

Byggingafulltrúi kemur að umgengni við íbúða- og fyrirtækjalóðir. Áhaldahús sér um hreinsun bæjarlandsins.

### **3.1.4 Vandamál núverandi fyrirkomulags**

Aðstöðu vantar til að geyma númerslausa bíla og annað geymslusvæði fyrir sveitarfélagið. Ósamþykkt geymslusvæði áhaldahússins er til bráðabirgða staðsett nálægt tjaldsvæði.

## **3.2 Markmið**

Haldið verði áfram með þau markmið að lóðir í kringum íbúðarhús og fyrirtæki séu hrein og snyrtileg. Manngert umhverfi, jarðvegsmanir og fleira, spilli ekki heildarsýn svæðisins og sé í sátt við umhverfið. Hreinsunarátak fari fram innan bæjarmarkanna, á sveitarbæjum, meðfram vegum og í fjörum.

Mikilvægt er að sofna ekki á verðinum gagnvart hreinleika umhverfisins sem þó hefur áunnist. Reiðvegir sem eru og verða lagðir í sveitarfélaginu þurfa að falla vel að umhverfi sínu.

Leysa þarf vandamál undangenginna ára í hesthúsabyggðinni vegna geymslu á taði. Koma þarf í veg fyrir að úrgangur leki úr taðinu út í læki í nágrenninu. Markmið er að öllu taði sé safnað saman í sérstakar taðþrær.

Frágangur á byggingarsvæðum og iðnaðarsvæðum: Gæta skal þess að þau svæði sem tekin verða undir ýmsa starfsemi og má þar nefna, ýmis skonar iðnað, hafnarstarfsemi, vegagerð, frístundir og íþróttastarf, skógrækt og ferðamennsku, verði frágengin fljótlega eftir að verki er lokið. Fylgjast skal vel með allri mengun í sjó og á landi í tengslum við atvinnustarfsemi.

## **3.3 Starfs- og tímaáætlanir**

### **Fegrun umhverfisins**

Átaksverkefni í hreinsun bæjarfélagsins skulu elfd til muna og þau gerð hvetjandi fyrir þátttakendur, m.a. með hreinsunarátaki.

### **Hesthúsabyggð**

Hvetja skal hesteigendur í hestahúsabyggð til að koma upp taðþróum undir hesthúsum eða við húsin.

Verklok: 1. okt. 2006.

**Eldiskvívar í Hraunfirði**

Fjarlægja skal eldiskvívar úr fjörunni við Hraunsfjarðarbrúna í Hraunfirði.  
Verklok: 1. sept. 2004.

**Geymslusvæði fyrir tæki**

Koma skal upp geymslusvæði fyrir tæki og ýmsa viðkvæma hluti sem sveitarfélagið. Girt skal með rammgerðri girðingu sem hægt er að læsa.  
Verklok: 1. okt. 2007.

## 4. Gæði neysluvatns

### 4.1. Formáli

Aðgangur að nægu heilnæmu neysluvatni er undirstaða þess að hægt sé að viðhalda heilbrigði í hvaða samfélagi sem er. Þannig má minna á að lélegt neysluvatn er höfuðástæða ungbarnadauða í þróunarlöndunum og þar með heiminum öllum. Einnig er vatn mikilvægasta hráefnið í matvælaframleiðslu.

Neysluvatni er oft skipt í tvennt eftir uppruna, það er yfirborðsvatn og grunnvatn. Æskilegra er talið að nota grunnvatn sem neysluvatn þar sem það er sótt niður í jarðlög þar sem það hefur oft runnið langar leiðir og hreinsast, auk þess sem efnainnihald er mjög stöðugt. Við Grundarfjörð er alls neysluvatns aflað með borholum og brunnum þar sem vatn er dælt uppúr vatnsfarvegi. Vatnstökusvæði Grundfirðinga eru tvö. Á Grundarbotni er ein borhola og einn brunnur og við Kverná eru tvær borholur. Ennfremur er gamalt vatnsöflunarsvæði í árfarvegi í nágrenni byggðarinnar sem tvö fiskvinnsluhús nota á kælikerfi.

#### 4.1.1 Gildandi lög og reglugerðir

Vatnalög nr. 15/1923. Lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991, með breytingu nr. 149/1995. Reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992, með breytingum nr. 175/1994 og 614/1996. Reglugerð um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla nr. 522/1994. Reglugerð um neysluvatn nr. 319/1995 með breytingu nr. 747/1998, reglugerð um ölkelduvatn nr. 390/1995 með breytingu nr. 692/1998.

#### 4.1.2 Núverandi ástand

Megin vatnsöflunarsvæði Grundfirðinga er á Grundarbotni og er rekstur og umsjón mannvirkja í höndum Vatnsveitu Grundarfjarðar og starfsmanna áhaldahúss. Ekki hafa farið fram mælingar á heildarvatnsnotkuninni. Á grundvelli talna um rafmagnseyðslu dælubúnaðar má áætla að meðalvatnsnotkun í Grundarfirði geti verið um 45 l/s en Vatnsveitan getur að hámarki skilað um 60 l/s. Vatni er dælt beint inná veitukerfið en til þrýstijöfnunar er staðsettur vatnsgeymir fyrir ofan byggðina.

Fyrirkomulag um vatnsöflun með brunnum hefur gengið vel enda gætir ekki áhrifa leysingavatns við þá vatnsöflun. Niðurstöður reglubundinna mælinga heilbrigðiseftirlits hafa komið vel út fyrir Vatnsveituna.

Samkvæmt upplýsingum frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands hefur neysluvatn í Grundarfirði yfirleitt komið gerlafræðilega vel út. Uppspretta gerlavandamála virðist koma upp í kerfinu sjálfu. Nauðsynlegt er að hreinsun miðlunartanks fari fram á eins til tveggja ára fresti, en það bar við hér áður fyrir að sá þáttur hafi verið vanræktur. Svæðið umhverfis vatnstöku á Grundarbotni hefur verið girt af og þökulagt til að forða úrgangur frá fuglum mengi vatnsbólín. Ennfremur eru borholur við Kverná inni á túni þar sem dreift er áburði og í nágrenni tveggja sumarbústaða. Þær holur eru einvörðungu notaðar þegar nauðsyn ber til s.s vegna bilana eða vatnsþurrðar annars staðar.

Vatnsöflun á sveitarbæjum er með þeim hætti að vatn er tekið úr lindum. Ekki er um yfirborðsvatn að ræða. Úttekt á ástandi vatnsöflunar hefur ekki verið gerð.

Vatnsveitan breytti á árinu 1996 sölukerfi vegna vatnssölu til stórra kaupenda þar sem tekin var upp innheimta aukavatnsgjalds á grundvelli mældrar notkunar. Tekjur Vatnsveitunnar hafa aukist og hefur það leitt til þess að kaupendur hafa sparað vatn og rafmagnseyðsla vatnsveitunnar dregist saman. Rekstur vatnsveitunnar var fram að þeim tíma olnbogabarn sveitarsjóðs en tekist hefur að snúa við rekstrinum.

Öllum almenningsvatnsveitum ber að reka innra eftirlit sem á að tryggja gæði neysluvatnsins. Grundfirðingar hafa hafið vinnu við undirbúning innra eftirlitskerfis fyrir vatnsveituna. Ráðgjafi hefur ekki verið ráðinn til aðstoðar við þá vinnu. Markmiðið er að reka vatnsveitu þar sem innra eftirlit tryggir gæði neysluvatns sem best.

Samkvæmt ársreikningi Vatnsveitunnar fyrir árið 2000 kemur fram að tekjur eru 8.155 þús. kr. en gjöld eru 6.257 þús. kr. Fjárfesting á árinu var 4.012 þús. kr. og afborganir lána 897 þús. kr.

#### **4.2 Markmið**

Leggja skal mikla áherslu á það í framtíðinni að til sé nægt neysluvatn sem fullnægi gæði og heilbrigðiskröfum, hvort sem er notað til einkaneyslu eða til atvinnureksturs. Innra eftirlit verður að vera vel virkt til að tryggja gæði neysluvatnsins.

Leit að neysluvatni úr uppsprettum er hafin með rennslismælingum á völdum stöðum. Mikilvægt er að þetta viðbótarvatn sé tengt inn á dreifikerfið á næstu árum.

#### **4.3 Starfs- og tímaáætlanir**

##### **Gæði neysluvatns**

Koma skal á innra eftirlitskerfi fyrir vatnsveituna til að tryggja gæði neysluvatnsins.

Verklok: 1. jan. 2005.

##### **Vatn á sveitabæjum.**

Úttekt á ástandi vatnsöflunar á sveitabæjum verði gerð.

Verklok: 1. jan. 2005

## 5. Menningarminjar og náttúruvernd

### 5.1 Formáli

Að þekkingu sína sögu er hverju byggðarlagi nauðsynlegt. Menningarminjar hafa á síðustu árum fengið aukið gildi bæði til að viðhalda þekkingu heimamanna og ekki síður sem afþreying fyrir ferðamenn. Eyrarsveit hefur verið byggð frá landnámi, en sveitin er kennd við landnámsjörðina Eyri, öðru nafni Öndverðareyri, nú Hallbjarnareyri. Á Öndverðareyri mótar fyrir minjum frá landnámstíð.

Austarlega á Grundarkambi við mynni Grundarár stóð hinn forni kaupstaður er fékk kaupstaðarréttindi 18. ágúst 1786. Elstu rústir sem sjást á því svæði eru frá tíð Frakka er höfðu þar aðstöðu á 19. öld.

#### 5.1.1 Gildandi lög og reglugerðir

Skipulags- og byggingarlög nr. 46/1997. Lög um náttúruvernd nr 93/1996. Byggingarreglugerð nr. 441/1998. Þjóðminjalög nr. 88/1989. Lög um þjóðskjalasafn nr. 66/1985. Lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995. Auglýsing í Stjórnartíðindum B, nr. 118/1974 um friðlýsingu Melrakkaeyjar

#### 5.1.2 Núverandi ástand

Grundarfjarðarbær er aðili að Byggðasafni Snæfellinga og Hnappdæla í Stykkishólmi. Hin síðari ár hefur safnið sett upp afmarkaðar sýningar í Grundarfirði og á árinu 2001 kom safnið upp fastri sýningaraðstöðu í nýju bókasafni sveitarfélagsins. Á árinu 2001 stóð Félag atvinnulífsins í Grundarfirði fyrir sýningu um vélbátaútgærð frá Grundarfirði. Sveitarfélögin á Snæfellsnesi hafa ekki stofnað héraðsskjalasafn, en samkvæmt samningi eigi Stykkishólmsbær að koma upp slíku safni. Byggð í Grundarfirði hófst uppúr 1940 með stofnun Hraðfrystihúss Grundarfjarðar og hafnargerð. Farið hefur fram fornleifaskráning í og við þéttbýlið í Grundarfirði sem unnin var af Fornleifastofnun Íslands, í tengslum við endurskoðun aðalskipulags Grundarfjarðar.

Á Grundarfirði er Melrakkaey sem frá fornu fari hefur verið í eigu Setbergssóknar. Eyjan er alfriðlýst á grundvelli náttúruverndarlaga. Á náttúruminjakrá eru Búlandshöfði, þar sem eru merk jarðlög með steingerðum skeljum. Á Stöð (Brimlárhöfða) eru setlög í austurhlið fjallsins. Ennfremur jarðlög með skeljum og blaðförum frá hlýskeiði á ísöld.

Strandlengja Eyrarsveitar er fjölbreytt. Í Búlandshöfða, undir Stöð og Krossnesbjargi eru fuglabjörg, malarkambar víða, vaðlar eru austan og vestan við Kirkjufellið. Skerjött fram af Eyrarfjalli, fjaran víða breið vestur fyrir Eyrarfjall, tangar eru áberandi austan við Eyrarfjallið inní Kolgrafarfjörðinn. Í bígerð er að merkja helstu gögnuleiðir og koma náttúrfari og menningarminjum til skila á upplýsingaskiltum meðal annars við landnámsbæinn að Öndverðareyri og við hinn forna Grundarfjarðarkaupstað. Framkvæmd þessa er í höndum Félags atvinnulífsins í Grundarfirði. Sett hefur verið upp sjónskífu inn í miðri byggðinni í Grundarfirði. Ennfremur er verið að vinna að könnun á möguleikum á að koma



upp aðstöðu þannig saga og fornminjar hins forna Grundarfjarðarkaupstaðar verið sýnilegri fyrir ferðamenn.

Eyrbyggjar, hollvinasamtök Grundarfjarðar hafa í hyggju að setja upp merki við áhugaverða staði í samvinnu við Vegagerðina. Jafnframt hyggst Vegagerðin að byggja upp áningastaði við þjóðveginn.

Gamla prestsetrið á Sebergi hefur varðveislugildi. Húsið er byggt á síðasta áratug 19. aldar. Talið er að viður sem notaður var við bygginguna hafi komið úr skemmu er Frakkar reistu á Grundarkambi.

### **5.1.3 Lýsing á gildandi fyrirkomulagi**

Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla fer með umsjón menningarminjar innan sveitarfélagsins. Nýtekinn er til starfa minjavörður Vesturlands og Vestfjarða. Aukinn áhugi hefur verið innan sveitarfélagsins á verndun menningarverðmæta á staðnum. Opnuð hefur verið sögumiðstöð í Grundarfirði sem hýsir Bæringsstofu, ljósmyndasafn Bærings Cecilssonar sem hann tók frá því að byggð fór að myndast í Grundarfirði. Sveitarfélagið hefur látið gera gamla fallbyssu af frönskum hvalfangara í sýningarhæft ástand og hefur hún verið sett upp á hafnarsvæðinu á sumrin er vel viðrar.

### **5.2 Markmið**

Vernda skal merkar fornleifar og mannvistarlandslag og forðast að hrófla við minjum. Gera skal fornleifar aðgengilegar og vel sýnilegar m.a. með merkingum. Sérstakt atvinnuþróunarverkefni hefur verið sett af stað er miðar að því að setja á stofn sögumiðstöð sem er ætlað það hlutverk að færða almenning um sögustaði og þá afþreyingu sem er í boði og tengist menningu og sagnaarf Snæfellinga. Mikilvægt er að vinna ötullega að framgangi þessa verkefnis.

Mikilvægt er að gera úttekt á núverandi ástandi alls gróurlendis í öllu sveitarfélaginu. Gera þarf úttekt á beitarþoli úthaga og beituarhólfa og setja ítölu þar sem við á.

Gera þarf úttekt á því hvort hægt sé að endurheimta votlendir, t.d. með því að úta ofan í skurði á völdum stöðum. Brýnt er að vernda núverandi votlendissvæði á landi og einnig vaðla og leirur í fjörum og víkum. Rof á sjávarbökkum af völdum ágangs sjávar er á sumum stöðum og verður eflaust viðvarandi vandamál í framtíðinni. Áfram verður fylgst með þessu rofi og brimvörn sett þar sem við á. Öll er þessi úttekt nauðsynleg í tengslum við lífræðilegan fjölbreytileika og gerð náttúruverndaráætlunar s.br. lög um náttúruvernd.

### **5.3 Starfs- og tímaáætlanir**

#### **Menningarminjar**

Fornleifar og menningarminjar verði varðveittar eins og kostur er og þær gerðar vel sýnilegar og aðgengilegar almenningi, m.a. með merkingum á völdum stöðum.

#### **Fornleifaskráning**

Unnið verði ötullega að grunnskáningu fornleifa og minja í sveitarfélaginu.

Verklok: 1. des. 2004.

**Gróðurlendi**

Gera skal úttekt á núverandi ástandi alls gróðurlendis í öllu sveitarfélaginu. Gera þarf úttekt á beitarþoli gróðurs í úthaga og beitarhólfa og setja ítölu ef þörf er á.  
Verklok: 1. jan. 2008.

**Náttúruvernd**

Gera skal náttúruverndaráætlun fyrir allt bæjarfélagið s.br. lög um náttúruvernd.  
Verklok: 1. jan. 2008.

**Gömul hús**

Leita samkomulags við eigendur gamalla húsa um sérstaka merkingu þeirra, t.d. með upplýsingum um sögu þeirra.

Verklok: 1. júní 2006

## 6. Umhverfisfræðsla

### 6.1 Formáli:

Í nútímaþjóðfélagi verður skólinn í nánú samstarfi við heimilin að vekja athygli nemenda á umhverfi sínu og þeim vandamálum sem þar bíða úrlausna.

### 6.1.1 Gildandi lög, reglugerðir og samþykktir

Lög um leikskóla nr. 78/1994, lög um grunnskóla nr. 66/1995 og lög um framhaldsskóla nr. 80/1996. Aðalnámskrá Grunnskóla og aðalnámskrá leikskóla.

### 6.1.2 Núverandi staða

Í Grundarfirði starfar leikskólinn Sólvellir. Um 70 – 80 nemendur eru í leikskólanum á sveigjanlegum tíma. Umhverfisfræðslan í leikskólanum fer aðallega fram í gegnum leik, eins og annað nám þar. Umræða um umhverfið skapast af því sem verið er að vinna með hverju sinni. Pappír er endurunninn, börn og foreldrar koma með dósir sem sendar eru í endurvinnsluna, óskilaföt eru send í fatasöfnun Rauða krossins. Talað er um að nota ekki mikla sápu til að hlífa umhverfinu. Foreldrar eru beðnir að skilja bílana ekki eftir í lausangangi þegar þeir koma og fara með börnin.

Eitt af námssviðum leikskólans samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla 1999 er náttúra og umhverfi. Samkvæmt því er í skólanámskrá Leikskólans Sólvalla kafla um náttúru og umhverfi þar sem markmið og leiðir koma fram. Náttúra og umhverfi er fléttað inn í daglegt starf leikskólans og þannig er stuðlað að virðingu barnanna fyrir náttúru og náttúruvernd og þeim séð fyrir fjölbreyttum möguleikum á að kynnast henni. Markvisst er unnið að endurnýtingu og endurvinnslu. Með því að vinna eftir umhverfisstefnu stuðlum við að því að nemendur okkar verði ábyrgir einstaklingar sem tileinka sér góða umgengni og virðingu fyrir náttúrunni.

Börnin fara í gönguferðir um umhverfið, þar er leitað að listaverkum í umhverfinu, laufblöðum og fleiru safnað sem hægt er að nota í skapandi starfi. Fjöruferðir eru farnar þar sem leitast er við að athuga hvort þar sé rusl og lífríkið skodað. Ennfremur eru farnar sveitaferðir, berjaferðir ofl. Matjurtagarður er við leikskólann og nokkrar trjátegundir á lóðinni. Þar sem börnin geta fylgst með vextinum og lykt.

Í Grundarfirði er starfræktur Grunnskóli Grundarfjarðar, Tónlistarskóli Grundarfjarðar og fjarnám á framhaldsskólastigi er tilraunaverkefni frá skólaárinu 1999-2000. Fjölbautarskóli mun taka til starfa í Grundarfirði haustið 2004. Við grunnskólann hefur ekki verið markviss kennsla í umhverfismennt. Kannski er skýringin sú að mjög takmarkað er til af námsgögnum í umhverfismennt. Einnig hefur kennslan ráðist af þeim tíma og áhuga sem kennarar hafa á umhverfismennt.

Með tilkomu nýrrar aðalnámskrár grunnskóla sem tók gildi 1. ágúst 1999 er lögð áhersla á umhverfismennt sem mikilvægan þráð í skólastarfi. Þar kemur fram að umhverfismennt tilheyrir ekki einni ákveðinni námsgrein heldur tvinnast hún við fleiri námsgreinar eins og náttúrufræði, lífsleikni, samfélagsgreinar og heimilisfræði.

Í vinnuskólanum hefur ekki verið boðið upp á markvissa umhverfisfræðslu. Starfsemi vinnuskóla heyrir undir áhaldahús og tæknisvið Grundarfjarðarbæjar.

### **6.1.3 Lýsing á núverandi fyrirkomulagi**

Í aðalnámskrá eru ákvæði um hvernig að umhverfismennt skuli staðið.

### **6.2 Markmið**

Sérstakt umhverfisráð móti umhverfisstefnu grunnskólans. Í ráðinu skuldu sitja nemendur og kennarar. Þetta ráð taki á flokkun rusls, endurvinnslu, innkaupum, rafmagnsnotkun og öðru sem það telur mikilvægt fyrir sjálfbæra þróun. Grunnskóli Grundarfjarðar er nýlega byrjaður í sérstöku verkefni sem heitir „Grænt flagg – grænn skóli”.

Grænt flagg er einskonar vottun á umhverfisstafi skólans. Mikilvægt er að halda vel utan um þetta verkefni í framtíðinni.

Leikskólinn móti og hugi vel að umhverfisstefnu sinni, en í uppeldisáætlun leikskóla er að finna markmið um sjálfbæra þróun. Athuga ætti þann möguleika að koma upp sérstakri náttúrufræðistofu þar sem börn læri ýmislegt um plöntur, sái fræjum og geti fylgst með vexti þeirra og nýtingu.

Vinna þarf markvisst að því að auka umhverfismenntun og áherslu á umhverfismál verið fléttuð inn í námsefni á öllum skólastigum þ.e. leikskóla og grunnskóla, vinnuskóla og framhaldsskóla.

Mikilvægt er að bjóða upp á umhverfisfræðslu fyrir íbúa, fyrirtæki og stofnanir og gera Staðardagskrá og áherslu á umhverfismál sýnilega íbúum sveitarfélagsins.

Til að auka hlut lífrænnar ræktunar í bæjarfélaginu er tilvalið að koma upp skólagörðum á hentugum stað fyrir skólabörn. Þar verði unnið að vistvænni ræktun og áhersla lögð á gildi og sérstöðu þeirrar fæðu sem fæst.

### **6.3 Starfs- og tímaáætlanir**

#### **Umhverfisstefna skólanna**

Áfram verði haldið að koma á og skilgreina umhverfisstefnu skólanna, - grunnskólans og leikskólans eins og sagt er frá í markmiðunum.

#### **Umhverfismenntun**

Vinna þarf markvisst að því að auka umhverfismenntun og áhersla á umhverfismál verði fléttuð inn í námsefni á öllum skólastigum leikskóla og grunnskólanema.

#### **Fræðsla til íbúa og bæjarstarfsmanna**

Gera á Staðardagskrárverkefnið og alla umfjöllun um umhverfismál sýnilega öllum íbúum sveitarfélagsins. Einnig fólki af erlendu þjóðerni. Allar fréttir berist ört inn á heimasíðu Grundarfjarðarbæjar. Námskeið um sjálfbæra þróun verði haldin fyrir bæjarstarfsmenn og komið verði á umhverfisfræðslu hjá vinnuskólanum og teknir upp umhverfisvænni starfshættir.

Verklok: 1. jan. 2005.

#### **Sérstakir dagar.**

Kynna sérstaklega þá daga, sem sameinuðu þjóðirnar og Evrópusambandið hafa tilnefnt og eru í þágu umhverfismála.

Verklok: 1. júní 2003.

**Vistvernd í verki**

Vistvernd í verki er sérstakt heiti á alþjóðlegu verkefni sem kallast Global Action Plan (GAP). Þetta er verkefni sem styður og eflir þá sem vilja taka upp umhverfisvænni lífshætti, með því að bjóða þeim að taka þátt í vishópum. Stefnt er að því að koma upp vishópum sem síðan útskriftast og starfi sjálfstætt.

## **7. Opinber innkaup**

### **7.1 Formáli**

Til kaupa á vörum og þjónustu til rekstrar og fjárfestinga er varið verulegum hluta af tekjum sveitarfélagsins. Allar meiriháttar framkvæmdir eru boðnar út. Leitað er tilboða við einstök stærri kaup eins og kaup á tölvum. Sveitarfélagið er aðili að rammisamningi Ríkiskaupa. Þjónustusamningar eru gerðir við einstaka verktaka enda markmið að halda umsvifum áhaldahúss í lágmarki. Vilji er til þess að gera fleiri þjónustusamninga.

#### **7.1.1 Gildandi lög, reglugerðir og samþykktir**

Lög um framkvæmd útboða nr. 65/1993

#### **7.1.2 Núverandi ástand**

Innkaupum er þannig háttað í dag að hver og einn forstöðumaður semur fyrir sína stofnun eða deild. Starfsmenn áhaldahúss hafa að mestu séð um kaup á vörum til viðhalds þeirra þátta sem undir þá falla. Ekki er til nein formleg heildarstefna er lýtur að því að kaupa umhverfisvænar vörur fremur en aðrar. Almennt eru vörur valdar eftir verði og þjónustu söluaðila. Á fundi hreppsnefndar Eyrarsveitar 13. maí 1998 var samþykkt að beina þeim tilmælum til forstöðumanna stofnana sveitarfélagsins að beina viðskiptum til fyrirtækja í heimabyggð, m.a þeirra aðila sem hafa umboð fyrir fyrirtæki og seljendur á höfuðborgarsvæðinu. Eitt af markmiðum þessa var að draga úr flutningskostnaði og birgðasöfnun hjá stofnunum sveitarfélagsins.

Á fundi sveitarstjóra með forstöðumönnum stofnana og deilda sveitarfélagsins og nokkrum öðrum starfsmönnum þann 13. júlí 1999 var samþykkt að setja á laggirnar vinnunefnd, skipaða 3 fulltrúum úr þessum hópi. Nefndin fékk það hlutverk að skoða vinnubrögð og aðferðir sem beitt er í dag við öflun aðfanga, innkaup o.fl. hjá stofnunum sveitarfélagsins og fékk vinnuheitið „sparnaðarnefndin“. Þó hlutverk nefndarinnar sé fyrst og fremst að reyna að stuðla að samræmdum vinnubrögðum, hagstæðum samningum, hagræðingu og sparnaði í innkaupum var hlutverkið þó hugsað í víðara samhengi en vinnuheiti nefndarinnar gefur til kynna. Til dæmis yrði verkefni nefndarinnar að huga að því hvort kaupa megi inn í heimabyggð í auknum mæli, hvort velja megi íslenskar vörur umfram erlendar, hverskonar vörur keyptar væru yfirleitt – eru þær t.d. umhverfisvænar, o.s.frv. Nefndinni var ætlað að taka til starfa með haustinu, að afloknum sumarleyfum og helsta annatíma margra starfsmanna sveitarfélagsins.

### **7.2 Markmið**

Mikilvægt er að komið verði á virkri umhverfisstefnu, þar sem stuðlað yrði að hagkvæmum og umhverfisvænum innkaupum. Sú stefna verði höfð að leiðarljósi að kaupa vörur sem hefur í för með sér minnstan úrgang, lágmarkar notkun á hráefni og orku og hefur minnsta magn mögulegra efna sem gætu orðið skaðleg umhverfinu og heilsu manna. Leggja áherslu á að kaupa vöru sem er með viðurkennd umhverfismerki.

Kanna skal möguleka að taka upp aðferðir Græna bókhaldsins. Það er bókhald þar sem fram koma upplýsingar um hvernig umhverfismálum er háttað í viðkomandi

starfsemi, þ.m.t. tölulegar upplýsingar um hráefnis, - orku og vatnsnotkun og magn mengandi efna sem tengist starfseminni.

### **7.3 Starfs- og tímaáætlanir**

#### **Grænt bókhald**

Hugað verði að því að beita aðferðum Græns bókhalds fyrir stöðu, þróun og markmiðum, ýmissa mælanlegra umhverfisþátta.

#### **Umhverfisstefna**

Allar stofnanir bæjarins móti með sér virka umhverfisstefnu.

Verklok: 1. janúar 2006.

## 8. Ræktun og útivist

### 8.1 Formáli

Þéttbýlisstaðurinn Grundarfjörður stendur á litlu nesi við samnefndan fjörð. Fjallahringurinn er prýddur fallegum fjöllum, allt upp í um 1000 metra há upp úr fjarðarbotninum. Kirkjufellið er sérstakt og tákn fyrir staðinn.

#### 8.1.1 Núverandi ástand

- a) Skógrækt. Ástandið er viðunandi í þessum málaflokki. Skógræktarfélagið plantar árlega í tvær skógræktargirðingar. Eldra skógræktarsvæðið er í hlíðinni fyrir ofan kaupúnið. Þar var fyrst plantað árið 1987.

Yngra skógræktarsvæðið er við bæinn Eiði, en þar var byrjað að planta árið 1990. Viðunandi vöxtur er á trjánum hér í firðinum, en gera þarf fleiri athuganir á tegundavali.

Einstaklingar eru einnig með trjáreiti.

Stefnt er að stóraukinni barrskógrækt í hlíðunum fyrir ofan bæinn til að draga úr vindstyrk í sunnanáttum sem oft er mikill.

- b) Landgræðsla. Ekki ber mikið á jarðvegseyðingu innan marka sveitarfélagsins og er landgræðsla á vegum þess lítil.

Nokkrir bændur hafa í samvinnu við Landgræðslu ríkisins sáð grasfræi og borið áburð á holt og mela.

- c) Útivist. Tré í skógræktarsvæðum eru ekki hávaxin og engir göngustígar eru komnir.

Reiðstígar liggja frá hesthúsabyggð meðfram þjóðvegi og nýlega hefur verið lagður reiðveg fyrir ofan bæinn.

Fjaran er vinsælt útivistarsvæði og útvistarsvæði eru mörg og áhugaverð. Má þar nefna Krossnesbjarg, Bárarháls, Grundarbotn, Eyrarodda og Hraunsfjarðarbotn. Brynt er að bæta og skipuleggja aðkomu að þessum stöðum.

Ferðapjónusta er á fjórum sveitabæjum ásamt tjaldstæðum og bráðabirgða tjaldstæði er við sundlaugina í Grundarfirði.

Nýlegur íþróttavöllur er til staðar með góðri aðstöðu til íþróttaiðkana ásamt góðum knattspyrnuvelli.

Skíðasvæði er í hlíðinni fyrir ofan byggðina.

Nýlegur 9 holu golfvöllur er í sveitarfélaginu.

Nýlegt hótél er í Grundarfirði og farfuglaheimili

- d) Heimagarðar. Trjárækt og gróðurækt hvers konar fer vaxandi í gördum.

Ræktunarskilyrði eru þokkaleg en vindasamt er oft.

Eiturefnanotkun á illgresi og tré er nánast engin.

### 8.2 Markmið

Gera þarf bæinn og allt sveitarfélagið vistlegt og aðlaðandi, sem ferðamenn sækjast eftir að dvelja í. Aukin ræktun á trjám og skjólbeltum innan bæjarins og á sveitabýlum er góð leið til þess. Aðstaða til útivistar fyrir íbúa og ferðamenn verði bætt og fólk hvatt til hollrar hreyfingar m.a. með útgáfu bæklinga þar sem möguleikarnir eru kynntir. Brynt er að hanna og útbúa nýtt framtíðartjaldsvæði innan bæjarins eða í næsta nágrenni. Íbúar og aðilar í ferðapjónustu leggi mikla áherslu á góða móttöku ferðamanna og gesta. Mikilvægt er að gera áætlun um



framkvæmdir til að tryggja aðgengi að öllum helstu náttúruperlum og útivistarsvæðum. Áfram verði unnið að hugmyndum um merkingu gönguleiða í fjallgarðinum.

Gera skal úttekt á því hvar sé hægt að rækta skjólbelti í bæjarlandinu þannig að hægt sé að auka skjólmyndun og fanga snjó.

### **8.3 Starfs- og tímaáætlanir**

#### **Girðingar**

Fjarlægja þarf eldri vörslugirningar fyrir ofan bæinn sem hafa lokið hlutverki sínu.

Verklok: 1. júlí 2005

#### **Göngukort**

Gönguleiðir verði merktar á völdum stöðum. Gefið verði út gönguleiðakort yfir allt bæjarfélagið.

Verklok: 1. janúar 2006

#### **Skjólbelti**

Gera úttekt á því hvar sé hægt að rækta skjólbelti í bæjarlandinu þannig að hægt sé að auka skjólmyndun og fanga snjó.

Verklok: 2005

#### **Gömul tré – trjávernd**

Gera þarf skrá yfir gömul tré í bæjarfélaginu

Verklok: 2005

## 9. Umferð og flutningur

9.1 *Skráning á núverandi aðstæðum*

9.1.1 *Gildandi reglur: (sjá stöðumat)*

9.1.2 *Núverandi ástand: (sjá stöðumat)*

### 9.2 Markmið

Grundarfjarðarbær og Vegagerðin byrja sumarið 2003 á verkefni sem heitir hverfisvæn leið. Það er aðferð til að auka aumferðaröryggi og minnka umhverfisáhrif umferðar sem liggur í gegnum bæinn. (Grundargata). Aðferðin miðar að því að minnka umferðarhraða og fækka umferðaróhöppum, bæta hljóðvist, og auðvelda gangandi umferð að komast yfir veginn. Þessi framkvæmd býður upp á meira öryggi fyrir gangandi vegfarendur, t.d. aldraða, börn og hjólréiðafólk.

Mikilvægt er að viðhalda þeirri ímynd sem Grundarfjarðarhöfn hefur skapað sér og byggðalaginu í gegnum árin. Útfæra þarf og velja þær leiðir sem þungaflutningabílar aka til og frá höfninni. Draga þarf úr umferð ökutækja milli heimila og vinnustaða. Beita þarf fræðslu og hvatningu til íbúa og minna á bíllausa daga og gildi hollrar hreyfingar. Einnig þarf að minnka það að börn séu keyrð í skóla. Mikilvægt er að koma á veltengingu milli Stórubryggju og innra hafnarsvæðisins til að minnka umferð austur Grundargötu. Endurbætur og ný hönnun þar sem við á, er nauðsynleg á Framsveitarvegi, m.a færsla vegstæðisins upp fyrir bæinn Setberg.

### 9.3 Starfs- og tímaáætlanir

#### Hverfisvæn leið

Vinna á ötullega að verkefninu „hverfisvæn leið“, sem er samstarfsverkefni Grundarfjarðarbæjar og Vegagerðarinnar.

#### Innri höfn

Tengja skal innra hafnarsvæðið og stórubryggju með nýjum vegi, sem verður lagður með ströndinni.

#### Lýsing þjóðveggar 54

Koma skal upp götulýsingu á veginum frá innri höfn að Kverná og að Kirkjufellsá.

#### Göngu- og reiðstígar

Unnið verði áfram að uppbyggingu gönguleiða innanbæjar og í skógræktarreitum. Einnig verði haldið áfram lagningu reiðvega í sveitarfélaginu.

#### Bíllausir dagar

Unnið verði að því að fá fleiri börn til að ganga í skólann og fólk hvatt til að vera meðvitað um gildi hollrar hreyfingar. Fólk er minnt á daginn „bíllaus dagur“, sem er árlega á haustin.